

## Samningur

### **mennta- og menningarmálaráðuneytis við Farskóllann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestrum ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, kt. 460993-2379, í samningi þessum nefndur Farskólinn, gera með sér svofelldan samning.

#### **1. Markmið og starfsemi**

Meginmarkmið með samningi þessum eru að Farskólinn mun vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Farskólinn skal vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu. sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu.

#### **2. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 30,8 m.kr. árið 2014 og 31,1 m.kr. skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Það mun beita sér fyrir því að árlegt framlag til samningsins verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Farskólinn standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Farskólinn ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breytti fjárveitingu.
- 2.4. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum skv. verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5. Farskólinn starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var staðfest af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009.
- 2.6. Farskólinn starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á: eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.7. Forsenda framlags til verkefna á sviði framhaldsfræðslu er að Farskólinn hafi viðurkenningu sem fræðsluaðili skv. 7. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.



### **3. Ábyrgð Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra**

- 3.1. Farskólinn ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Farskólinn skal leggja fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Farskólinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Farskólanum er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### **4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála**

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:
  - 4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og greiðist fyrsta virka dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Farskólans.
- 4.2. Farskólinn skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og breytingar á efnahag ásamt starfsáætlun þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert. Jafnframt skulu ársreikningur og ársskýsla send Ríkisendurskoðun.
  - 4.2.3. Samningsaðilar munu á samningstímanum samræma framsetningu upplýsinga um rekstur, sbr. framangreinda liði 4.2.1. og 4.2.2.
- 4.3. Eigi Farskólinn í viðskiptum við lögaðila sem hann á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

### **5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna**

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Farskólans halda að lágmarki einn fund árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Farskólinn ráðuneytinu ársskýrslu þar sem m.a. er fjallað um framkvæmd samningsins og hvernig framlagi hins opinbera var ráðstafað í samanburði við áætlanir.
- 5.4. Farskólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftirlits upplýsingagjafar.
- 5.5. Farskólinn veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það telur sig þurfa vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstökum þáttum í framkvæmd samningsins. Í því skyni afhendir Farskólinn ráðuneytinu þau gögn og veitir

Bp  
hng

upplýsingar sem máli skipta vegna úttektarinnar, s.s. afrit af fundargerðum stjórnar, útprentun eða samantekt úr bókhaldi og afrit af öðrum gögnum sem sannarlega eru nauðsynleg vegna úttektar og eftirlits ráðuneytisins. Gæta skal trúnaðar um upplýsingar sem leynt eiga að fara skv. lögum eða eðli máls, s.s. persónulegar upplýsingar um viðskiptavini Farskólans..

- 5.6. Samning þennan, ársreikning Farskólans, ársskýrslu og úttektarskýrslur skal birta á vef Farskólans jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnum á vef sínum.
- 5.7. Farskólinn setur á vefsíðu sína ýmis gögn, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og niðurstöður úr tilrauna- og þróunarverkefnum sem unnin hafa verið á hans vegum.

## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Farskólinn tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir Farskólinn frá úræðum sem hann hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Farskólinn ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnileg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 18. desember 2014

Hallen M. Gunnarsdóttir

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ryndis Þráinardóttir

F.h. Farskólans – miðstöðvar um símenntun  
á Norðurlands vestra

